

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og losun seyru í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

Endurvinnslutunnur eru losaðar einu sinni í mánuði og almennt sorp aðra hverja viku.

Seyra er losuð á þriggja ára fresti.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík og sveitaheimili	kr. 33.000
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	kr. 13.000

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):

Flokkur 1	kr. 23.000
Flokkur 2	kr. 33.000
Flokkur 3	kr. 56.000
Flokkur 4	kr. 93.000
Flokkur 5	kr. 190.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldtaka fyrir losun seyru:

Rotþrær minni en 3.000 l	kr. 5.500
Rotþrær 3.000 l og stærri	kr. 8.800

Gjaldtaka fyrir förgun dýrahraja:

Nautgripir	kr. 300	pr. grip
Hross	kr. 80	pr. grip
Sauðfé og geitur	kr. 50	pr. grip
Grísir	kr. 200	pr. grip

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjárttegundar samkvæmt forðagæsluskýrslu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þann 21. október 2013 og 5. nóvember 2013 með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000 með síðari breytingum og með heimild í 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að undanteknum Húsavíkurbæ nr. 671/2003, sbr. einnig reglugerð um úrgang nr. 737/2003 og með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 224/2012.

Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 21. október 2013 og 5. nóvember 2013.

Grenivík, 3. janúar 2014.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.